

2018 nr. 119 7. desember

Forsetaúrskurður um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands

Tók gildi 1. janúar 2019. Breytt með: Forsetaúrsk. 155/2019 (tók gildi 31. des. 2019).

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar og laga um Stjórnarráð Íslands ber stjórnarmálefni undir ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands sem hér segir:

■ 1. gr. Forsætisráðuneyti.

□ Forsætisráðuneyti fer með mál er varða:

1. Stjórnskipan lýðveldisins Íslands og Stjórnarráð Íslands í heild, þar á meðal:

a. Embætti forseta Íslands, þ.m.t. ákvörðun kjördags, embættisgengi og embættisbústað.

b. Alþingi.

c. Ríkisráð Íslands.

d. Ríkisstjórn Íslands.

e. Skipun ráðherra og lausn.

f. Skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti.

g. Skiptingu starfa milli ráðherra.

h. Skiptingu stjórnarmálefna á milli ráðuneyta.

i. Ráðherranefndir.

j. Forystu og samhfæingu innan Stjórnarráðs Íslands.

k. Stjórnarfar almennt, þ.m.t. lög um Stjórnarráð Íslands, stjórnsýslulög og upplýsingalög.

l. Framfylgd laga og reglna um undirbúning stjórnarfrumvarpa.

m. Siðareglur fyrir ráðherra og starfsmenn Stjórnarráðs Íslands.

n. Málstefnu fyrir Stjórnarráð Íslands.

o. Ráðstöfun skrifstofuhúsa ráðuneyta og gestahúsa ríkisstjórnarinnar, þ.m.t. Þingvallabæjarins.

[p. Ráðgjafa um upplýsingarétt almennings.]¹⁾

[q.]¹⁾ Úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

2. Þjóðhagsmál, þar á meðal:

a. Hagstjórn almennt.

b. Ráðherranefndir um efnahagsmál og ríkisfjármál.

c. Gjaldmiðil Íslands.

d. Seðlabanka Íslands.

e. Hagskýrslugerð og upplýsingar um landshagi, þ.m.t. málefni Hagstofu Íslands.

3. Jafnréttismál, þar á meðal:

a. Jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

b. Jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna.

c. Jafna meðferð á vinnumarkaði.

d. Kynrænt sjálfræði.

e. Jafnréttisstofu.

f. Kærufund jafnréttismála.

g. Jafnréttissjóð Íslands.

4. Þjóðartákn og orður, þar á meðal:

a. Fána Íslands og ríkisskjaldarmerki.

b. Þjóðsöng Íslendinga.

c. Hina íslensku fálkaorðu.

d. Önnur heiðursmerki.

5. Skipulag, rekstur og starfsmannahald ráðuneytisins.

6. Annað, þar á meðal:

a. Þjóðaröryggisráð.

b. Almannavarna- og öryggismálaráð.

c. Vísinda- og tækniráð.

d. Þjóðlendur og málefni óbyggðanefndar.

e. Embætti ríkislögmans.

f. Umboðsmann barna.

g. Endurnot opinberra upplýsinga.

h. Hrafnseyri við Arnarfjörð.

[i. Greiðslu bóta vegna Hæstaréttar í máli nr. 521/2017.]¹⁾

¹⁾ Forsetaúrsk. 155/2019, 1. gr.

■ 2. gr. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

□ Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti fer með mál er varða:

1. Skipulag, rekstur og starfsmannahald ráðuneytisins.

2. Almenn starfsskilyrði og stuðningsumhverfi atvinnulífs, þar á meðal:

a. Atvinnuþróun, tæknirannsóknir og nýsköpun.

b. Stuðning ríkisins við rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun í atvinnugreinum, sbr. þó g-lið 2. tölul. 5. gr.

c. Tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist.

d. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar.

e. Opinberar fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum.

f. Ívilnanir vegna nýfjárfestinga og gerð fjárfestingarsamninga annarra en milliríkjasamninga.

g. Fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri.

h. Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

i. Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

j. Skrifstofu rannsóknarstofnana atvinnuveganna.

3. Orkumál og auðlindanýtingu, þar á meðal:

a. Öryggi raforkukerfisins.

b. Raforkumarkað.

c. Jöfnun kostnaðar við húshitun og dreifingu raforku.

d. Forystu um orkusparnað, nýtingu orku og orkuskipti.

e. Vithönnun vöru sem notar orku og orkumerkingar.

f. Hitaveitur, gjaldskrár og stofnstyrki.

g. Leyfi til nýtingar á auðlindum í jörðu og á, í eða undir hafsbotni.

h. Leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis (olíuleit).

i. Nýtingu vatns.

j. Orkustofnun.

k. Úrskurðarnefnd raforkumála.

4. [Viðskiptalíf, almenna lagaumgjörð, þar á meðal:

a. Opinberar eftirlitsreglur.

b. Rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

c. Rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

d. Frum- og milliinnheimtu peningakrafna.

e. Víxla, tékka og skuldabréf.

f. Fyrningu kröfuréttinda.

g. Ábyrgðarmenn.

h. Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, þ.m.t. einkaleyfi, vörumerki, félagamerki, uppfinningar starfsmanna og hönnun.

i. Hugverkastofu.

j. Áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar.

k. Félagarétt, þ.m.t. bókhald, endurskoðendur og ársreikninga.

l. Skráningu fyrirtækja og félaga og málefni fyrirtækjaskrár, ársreikningaskrár og almannaheillafélagaskrár.

m. Skráningu raunverulegra eigenda.

n. Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

o. Framkvæmd útboða.

- p. Samkeppnismál.
q. Samkeppniseftirlitið.
r. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála.
s. Staðla og Staðlaráð Íslands.
t. Faggildingu.
u. Löggildingu viðskiptafræðinga og hagfræðinga.
v. Löggildingu endurskoðenda og málefni endurskoð-endaráðs.¹⁾
5. Sjávarútveg og veiði í ám og vötnum, eldi og ræktun nytja- stofna, þar á meðal:
- Stjórn á verndun og nýtingu fiskistofna og annarra lif- andi auðlinda hafsins og hafsbotnsins.
 - Veiðigjöld.
 - Rannsóknir og eftirlit með verndun og nýtingu fiski- stofna og annarra lifandi auðlinda hafsins og hafsbotnsins.
 - Hafrannsóknastofnun.
 - Framkvæmd fiskveiðisamninga við erlend ríki.
 - Fiskvinnslu og aðra vinnslu úr sjávarfangi.
 - Skiptaverðmæti sjávaraflla.
 - Uppboðsmarkað sjávaraflla.
 - Eldi hvers konar nytjastofna í sjó eða ferskvatni, skipu- lag og eftirlit með því.
 - Gjaldtöku vegna fiskeldis í sjó.
 - Fiskeldissjóð.¹⁾
 - [l.]¹⁾ Veiði í ám og vötnum.
 - [m.]¹⁾ Rannsóknir á lífríki í ám og vötnum og ráðgjöf um nýtingu þeirra, þ.m.t. málefni Veiðimálastofnunar.
 - [n.]¹⁾ Fiskræktarsjóð.
 - [o.]¹⁾ Matsnefnd samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði.
 - [p.]¹⁾ Nýsköpun og þróun í sjávarútvegi.
 - [q.]¹⁾ Fiskistofu.
 - [r.]¹⁾ Málefni úrskurðarnefndar um ólögmetan sjávaraflla.
 - [s.]¹⁾ Verðlagsstofu skiptaverðs, verðlagsráð sjávarútvegs- ins.
 - [t.]¹⁾ Málefni úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna.
6. Landbúnað, matvæli og matvælaöryggi, þar á meðal:
- Framleiðslu landbúnaðarafurða.
 - Búfjárhald og slátrun.
 - Verðlagningu og sölu á búvörum.
 - Inn- og útflutning landbúnaðarafurða.
 - Eftirlit með inn- og útflutningi dýra og plantna og erfðafna þeirra.
 - Velferð dýra.
 - Varðveislu erfðaauðlinda í landbúnaði og yrkisrétt.
 - Framkvæmd búnaðarlaga.
 - Stuðning ríkisins við framleiðslu og markaðsmál, þ.m.t. framkvæmd búvörolaga.
 - Almenn jarðamál, ábúðarmál, afrétti, fjallskil og girð- ingar, þ.m.t. málefni úttektarmanna og yfirmatsnefndar sam- kvæmt ábúðarlögum.
 - Nýtingu hlunninda jarða.
 - Dýralæknaþjónustu, þ.m.t. starfsleyfi dýralækna.
 - Heilbrigðiseftirlit með framleiðslu, vinnslu, inn- og út- flutningi og markaðssetningu matvæla og fódurs.
 - Heilbrigði dýra og varnir gegn dýrasjúkdómum.
 - Heilbrigði plantna og varnir gegn plöntusjúkdómum.
 - Eftirlit með sáðvöru og áburði.
 - Hagþjónustu landbúnaðarins.
 - Matvælaramsóknir.
 - Matvælastofnun.
 - Úrskurðarnefndir á sviði landbúnaðar, þ.m.t. æðar- dúnsnefnd, ullarmatsnefnd og gærumatsnefnd.
 - Bjargráðasjóð.
7. Iðnað, verslun og þjónusta, þar á meðal:
- Iðnað, þ.m.t. verksmiðjuiðnað, handiðnað, stóriðju og fjárfestingarsamninga.
 - Skipan ferðamála.
 - Ferðamálastofu.
 - Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.
 - Veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
 - Bílaleigur.
 - Skapandi greinar í þágu atvinnuþróunar.
 - Sölu fasteigna og skipa.
 - Eftirlitsnefnd fasteignasala.
 - Verslunaratvinnu.
 - Verslunarskrár, firmu og prókúruumboð.
 - Umboðssöluviðskipti.
 - Starfsréttindi í iðnaði.
 - Löggildingu starfsheita í tækni- og hönnunargreinum.
8. [Neytendamál, þar á meðal:
- Eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.
 - Vöruöryggi, þ.m.t. vörur unnar úr eðalmálum.
 - Neytendalán.
 - Lausafjárkaup, fasteignakaup, neytendakaup og þjón- ustukaup.
 - Úrskurðaraðila á sviði neytendamála.
 - Samningarétt.
 - Pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun.
 - Skiptileigusamninga fyrir afnot af húsnæði í orlofi eða frístundum o.fl.
 - Neytendasamninga.
 - Mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.
 - Neytendastofu.
 - Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.
 - Áfrýjunarnefnd neytendamála.¹⁾
- ¹⁾ Forsetaúrsk. 155/2019, 2. gr.
- **3. gr. Dómsmálaráðuneyti.**
- Dómsmálaráðuneyti fer með mál er varða:
- Skipulag, rekstur og starfsmannahald ráðuneytisins.
 - Ákærvald, þar á meðal:
 - Embætti ríkissaksóknara.
 - Embætti héraðsaksóknara.
 - Dómstóla, aðra en félagisdóm, þar á meðal:
 - Dómstólasýsluna.
 - Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara.
 - Nefnd um dómarastörf.
 - Réttarfar, þar á meðal:
 - Meðferð einkamála.
 - Meðferð sakamála.
 - Endurupptökunefnd.
 - Aðför, kyrrsetningu, lögbann og löggeymslu.
 - Gjaldþrotaskipti, greiðslustöðvun og nauðasamninga.
 - Nauðungarsölur.
 - Lögbókandagerðir.
 - Öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverka- réttindum.
 - Nálgunarbann og brottvísun af heimili.
 - Réttaraðstoð, þar á meðal:
 - Gjafsókn, þ.m.t. málefni gjafsóknarnefndar.
 - Réttaraðstoð vegna nauðasamninga.
 - Gagnkvæma alþjóðlega réttaraðstoð.

6. Refsirétt.
- [7.] Refsingar fyrir hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði.¹⁾
- [8.]¹⁾ Skaðabótarétt og sanngirnissbætur, þar á meðal:
- Bætur til þolenda afbrota, þ.m.t. málefni bótanefndar um greiðslu bóta til þolenda afbrota.
 - Sanngirnissbætur, þ.m.t. málefni úrskurðarnefndar um sanngirnissbætur.
 - Skaðabætur utan samninga.
 - Niðurjöfnunarmenn sjótjóns.
- [9.]¹⁾ Lögmenn, dómtúlka og skjalapýðendur, þ.m.t. málefni úrskurðarnefndar lögmanna.
- [10.]¹⁾ Birtingu laga og stjórnvaldserinda, þar á meðal:
- Lagasafn.
 - Lögbirtingablað.
 - Stjórnartíðindi.
- [11.]¹⁾ Eignarrétt og veðrétt, þar á meðal:
- Eignar- og afnotarétt fasteigna.
 - Framkvæmd eignarnáms, er eigi ber undir annað ráðuneyti, þ.m.t. málefni matsnefndar eignarnámsbóta.
 - Þinglýsingar.
 - Landamerki.
 - Landskipti.
 - Hefð.
- [12.]¹⁾ Fullnustu refsinga, þar á meðal:
- Fangelsi.
 - Fangavist.
 - Reynslulausn fanga og samfélagsþjónustu.
 - Flutning dæmdra manna.
 - [Náðun og sakaruppgjöf.]¹⁾
 - Fangelsismálastofnun.
- [13.]¹⁾ Almannaþing.
- [14.]¹⁾ Leit og björgun, þar á meðal:
- Samræmda neyðarsímsvör.
 - Vöktun innviða.
- [15.]¹⁾ Lögreglu og löggæslu, þar á meðal:
- Landamæravörslu.
 - Gæslu landhelgi og fiskimiða.
 - Skipströnd og vogrek.
 - Framsál og afhendingu sakamanna.
 - Schengen.
 - Aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
 - Erfðaefnisráð lögreglu.
 - Öryggisþjónustu í atvinnuskyni.
 - Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu.
 - Embætti ríkislögreglustjóra.
 - Lögreglustjóraembætti.
 - Nefnd um eftirlit með lögreglu.
- [16.]¹⁾ Sjómælingar og sjókortagerð.
- [17.]¹⁾ Vopnamál.
- [18.]¹⁾ Áfengismál, sem ekki heyra undir annað ráðuneyti.
- [19.]¹⁾ Mannréttindi og mannréttindasáttmála.
- [20.]¹⁾ Sifjarétt, þar á meðal:
- Málefni barna, nema barnavernd, þ.m.t. ættleiðingar og brottmál.
 - Hjúskap.
- [21.]¹⁾ Rannsókn á starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn.
- [22.]¹⁾ Persónurétt og persónuvernd, þar á meðal:
- Lögræði.
 - Mannafélag og málefni mannanafnanefndar.
 - [Persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga.]¹⁾
 - [Vinnsla persónuupplýsinga í löggæslutilgangi.]¹⁾
 - [Persónuvernd.
- [23.]¹⁾ Erfðarétt, lög um horfna menn og yfirfjárráð, skipti á dánarbúum.
- [24.]¹⁾ Kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.
- [25.]¹⁾ Trúmál, þar á meðal:
- Trúfélög.
 - Þjóðkirkjuna, biskupsstofu og áfrýjunarnefnd í málefnum þjóðkirkjunnar.
 - Bókasöfn prestakalla.
 - Sóknargjöld.
 - Kristnisjóð.
 - Kirkjumálasjóð.
 - [Frið vegna helgihalds.]¹⁾
 - Lífsskoðunarfélög.
- [26.]¹⁾ Persónuskilríki, þ.m.t. vegabréf, önnur en diplómastísk.
- [27.]¹⁾ Ríkisborgarétt.
- [28.]¹⁾ Málefni útlendinga, að frátöldum atvinnuleyfum, þar á meðal:
- Útlendingastofnun.
 - Kærufund útlendingamála.
- [29.]¹⁾ Happraðtti, veðmálastarfsemi, talnagetraunir og almennar fjársafnanir.
- [30.]¹⁾ Sýslumenn og hreppstjóra.
- [31.]¹⁾ Kosningar:
- Kjör til forseta Íslands, kosningar til Alþingis og sveitarstjórna, þjóðaratkvæðagreiðslur og aðrar almennkosningar sem eigi ber undir annað ráðuneyti.
 - Fjármál stjórnvaldasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskylda þeirra.
- [32.]¹⁾ Málefni sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.
- [33.]¹⁾ Landhelgisgæslu Íslands.
- ¹⁾ Forsetaútsk. 155/2019, 3. gr.
- **4. gr. Félagsmálaráðuneyti.**
- Félagsmálaráðuneyti fer með mál er varða:
- Skipulag, rekstur og starfsmannahald ráðuneytisins.
 - Félags- og fjölskyldumál, þar á meðal:
 - Barnavernd.
 - Barnaverndarstofu.
 - Þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
 - Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.
 - Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
 - Málefni aldraðra.
 - Málefni innflytjenda og flóttafólks.
 - Fjölmenningarsetur.
 - Félagslega aðstoð.
 - Greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.
 - Félagssjónustu sveitarfélaga.
 - Ráðgjöf og úrræði vegna fjármála heimilanna, þ.m.t. greiðsluáðlögun einstaklinga.
 - Umboðsmann skuldara.
 - Ættleiðingarstyrki.
 - Orlof húsmæðra.
 - Lífeyristryggingar almannatrygginga, þar á meðal:
 - Lífeyristryggingar og eftirlaun aldraðra.
 - Tryggingastofnun ríkisins.
 - Fjárhagsaðstoð við lifandi líffæragjafa.

4. [Húsnæðis- og mannvirkjamál, þar á meðal:
- Húsnæðislán.
 - Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.
 - Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.
 - Húsnæðissjóð.
 - Húsaleigumál.
 - Húsnæðisbætur.
 - Húsnæðissamvinnufélög og byggingarsamvinnufélög.
 - Almennar íbúðir.
 - Húsnæðissjálfsveigunarstofnanir.
 - Húsnæðismálasjóð.
 - Fjöleignarhús.
 - Frístundabyggð.
 - Kærufund húsamála.
 - Eftirlit með mannvirkjum og gerð þeirra.
 - Brunavarnir.
 - Eftirlit með byggingarvörum.
 - Eftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raf-fanga í mannvirkjum.
 - Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.]¹⁾
5. ...¹⁾
6. Vinnumál, þar á meðal:
- Réttindi og skyldur á vinnumarkaði.
 - Starfsmannaleigur.
 - Aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
 - Vinnueftirlit ríkisins.
 - Vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum.
 - Félagsdóm.
 - Vinnumarkaðsaðgerðir.
 - Sáttastörf í vinnudeilum.
 - Ríkissáttasemjara.
 - Atvinnuleysistryggingar.
 - Atvinnutengda starfsendurhæfingu.
 - Atvinnuréttindi útlendinga.
 - Ábyrgð á launum við gjaldþrot.
 - Fæðingar- og foreldraorlof.
 - Vinnumálastofnun.
 - Félagsmálaskóla alþýðu.
7. Úrskurðarnefnd velferðarmála.
- ¹⁾ Forsetaútsk. 155/2019, 4. gr.
- **5. gr. Fjármála- og efnahagsráðuneyti.**
- Fjármála- og efnahagsráðuneyti fer með mál er varða:
- Skipulag, rekstur og starfsmannahald ráðuneytisins.
 - Opinber fjármál að því marki sem þau eru ekki falin öðrum aðilum, þar á meðal:
 - Stefnumörkun og áætlanagerð í opinberum fjármálum.
 - Forsvar og gerð frumvarps til fjárlaga, fjárukalaga og lokafjárlaga.
 - Skuldbindingar fram yfir fjárlagaárið, þ.m.t. rekstrar- og þjónustusamninga.
 - Almennt eftirlit með framkvæmd fjárlaga.
 - Sjóðstýringu.
 - Lánsfjármál og lántökur.
 - Ríkisaðstoð, ríkisábyrgðir og styrki til einkafyrirtækja, þ.m.t. framkvæmd laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.
 - Reikningshald ríkisins.
 - Fjárslu ríkisins.
 - [j. ÍL-sjóð.]¹⁾
 - Eignir ríkisins, þar á meðal:
 - Fasteignir, verðbréf og hlutabréf og fyrirsvar þeirra, þ.m.t. hlutverk ráðherra samkvæmt ákvæði til bráðabirgða [V]¹⁾ í lögum um Seðlabanka Íslands, að því marki sem þær eignir eru ekki faldar öðrum.
 - Húsnæðismál ríkisstofnana.
 - Bifreiðamál ríkisstofnana.
 - Opinberar framkvæmdir.
 - Ríkisjarðir, land í eigu ríkisins og samninga vegna nýtingar vatns- og jarðhitaréttinda, náma og jarðefna á landi utan þjóðlendna.
 - Jarðasjóð ríkisins.
 - Bankasýslu ríkisins.
 - Ríkiseignir.
 - Framkvæmdasýslu ríkisins.
 - Tekjuöflun ríkisins, þar á meðal:
 - Skattamál, svo sem álagningu, uppgjör og aðra skattfrankvæmd, skattrannsóknir og úrskurði í skattamálum, þ.m.t. málefni [Skattsins og]¹⁾ ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og yfirskattanefnd.
 - Tolla og vörugjöld, þ.m.t. tollgæslu og innheimtu opinberra gjalda og málefni [Tollgæslu Íslands].¹⁾
 - Aðrar tekjur ríkissjóðs, þ.m.t. arðgreiðslur, leigutekjur og ýmis gjöld.
 - Starfsmannamál ríkisins, þar á meðal:
 - Almenna stefnumótun í mannauðsmálum ríkisins og fræðslu.
 - Launa- og kjaramál.
 - Launavinnslu.
 - Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.
 - Lífeyrismál, þar á meðal:
 - Lífeyrismál starfsmanna ríkisins, forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.
 - Skyldutryggingu lífeyrisréttinda.
 - Starfsemi lífeyrissjóða, að því marki sem þau verkefni eru ekki falin öðrum.
 - Viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað, þ.m.t. starfstengda eftirlaunasjóði.
 - Skattfrjálsa úttekt séreignarsparnaðar til kaupna á fyrstu íbúð.
 - Hagstjórn og fjármálastöðugleika, þar á meðal:
 - Mat á þróun og horfum í efnahagsmálum og gerð þjóðhagsspár.
 - Samhæfingu fjármála- og hagstjórnarstefnu fyrir hið opinbera.
 - Vexti og verðtryggingu.
 - Gjaldeyrismál.
 - Meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum.
 - Setningu reglna um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands skv. 4. mgr. [37. gr.]¹⁾ laga um Seðlabanka Íslands.
 - Fjárhagsleg samskipti við Seðlabanka Íslands í tengslum við eiginfjármarkmið bankans, ráðstöfun hagnaðar hans og samkomulag um nánari framkvæmd innköllunar skv. [40. gr.]¹⁾ laga um Seðlabanka Íslands.
 - Fjármálastöðugleikaráð.
 - [Fjármálamarkað, lagaumgjörð og eftirlit, þar á meðal:
 - Fjármálafyrirtæki.
 - Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.
 - Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
 - Verðbréfamarkaði.
 - Úrskurðarnefnd verðbréfamíðstöðva.

- f. Innstæðutryggingar.
- g. Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta.
- h. Afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár.
- i. Vátryggingar og vátryggingastarfsemi.
- j. Ökutækjatrýggingar.
- k. Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.
- l. Dreifingu vátrygginga.
- m. Úrskurðarnefnd um dreifingu vátrygginga.
- n. Náttúruhamfaratrýggingu Íslands.
- o. Úrskurðarnefnd náttúruhamfaratrýggingar.
- p. Greiðslukerfi og greiðsluþjónusta.
- q. Milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur.
- r. Skortsölu og skuldatryggingar.
- s. Viðbótarefirlit með fjármálasamsteypum.
- t. Vátryggingasamstæður.
- u. Lánshæfismatsfyrirtæki.
- v. Evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.¹⁾
9. Almennar umbætur í ríkisrekstri, þar á meðal:
- a. Skipulag og stjórnarhætti í ríkisstarfsemi.
- b. Opinber innkaup og málefni Ríkiskaupa.
- c. Kærunefnd útboðsmála.
- d. Hagræðingu í ríkisrekstri og árangursstjórnun.
- e. Málefni upplýsingasamfélagsins.
10. Annað, þar á meðal:
- a. Kröfufylgingu í þjóðlendur.
- b. Verslun með áfengi og tóbak og málefni Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.
- c. Málefni og eigendaforsvar fjölþjóðlegra lánastofnana, annarra en þeirra sem fara með þróunaraðstoð, þ.m.t. gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum (NIB), Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD) og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF), þ.m.t. skipun í sjóðsráð skv. 2. málsl. 2. mgr. [31. gr.]¹⁾ laga um Seðlabanka Íslands.
- ¹⁾ Forsetaúrsk. 155/2019, 5. gr.
- **6. gr. Heilbrigðisráðuneyti.**
- Heilbrigðisráðuneyti fer með mál er varða:
1. Skipulag, rekstur og starfsmannahald ráðuneytisins.
2. Sjúkratrýggingar almannatrýgginga, þar á meðal:
- a. Sjúklingatrýggingu.
- b. Slysatrýggingar almannatrýgginga.
- c. Sjúkratrýggingastofnun.
3. Heilbrigðisþjónusta, þar á meðal:
- a. Heilsugæslu.
- b. Sjúkrahús.
- c. Heilbrigðisstofnanir.
- d. Sérhæfða heilbrigðisþjónusta utan stofnana.
- e. Endurhæfingarstarfsemi og meðferðarstofnanir.
- f. Lyf.
- g. Ávana- og fíkniefni.
- h. Lækningatæki.
- i. Lyfjastofnun.
- j. Lyfjagreiðslunefnd.
- k. Tæknifrjóvgun.
- l. Sjúkraskrár og gagnasöfn á heilbrigðissviði.
- m. Réttindi sjúklinga.
- n. Starfsréttindi í heilbrigðisþjónustu.
- o. Embætti landlæknis.
- p. Heyrnar- og talmeinaðstoð.
- q. Hjúkrunarheimili.
- r. Dvalarheimili.
- s. Dagdvöl aldraðra.
- t. Framkvæmdasjóð aldraðra.
4. Lýðheilsu og forvarnir, þar á meðal:
- a. Heilsuefingu.
- b. Áfengis- og vímuvarnir.
- c. Slysavarnir.
- d. Sóttvarnir.
- e. Tóbaksavarnir.
- f. Rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur.
- g. Bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum.
- h. Geislavarnir.
- i. Geislavarnir ríkisins.
5. Lífvísindi og lífsiðfræði, þar á meðal:
- a. Vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.
- b. Vísindasiðanefnd.
- c. Lífsýnasöfn.
- d. Líffæragjafir og líffæraígræðslu.
- e. Ákvörðun dauða, dánarvottorð og krufningar.
6. [Annað, þar á meðal:
- a. Græðara.
- b. Þungunarrof.
- c. Ófrjósemisaðgerðir.
- d. Ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir.]¹⁾
- ¹⁾ Forsetaúrsk. 155/2019, 6. gr.
- **7. gr. Mennta- og menningarmálaráðuneyti.**
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti fer með mál er varða:
1. Skipulag, rekstur og starfsmannahald ráðuneytisins.
2. Fræðslumál, þar á meðal:
- a. Leikskóla.
- b. Grunnskóla.
- c. Framhaldsskóla.
- [d. Lýðskóla.]¹⁾
- [e.]¹⁾ Háskóla.
- [f.]¹⁾ Tónlistarskóla.
- [g.]¹⁾ Framhaldsfræðslu og málefni Fræðslusjóðs.
- [h.]¹⁾ Listaskóla.
- [i.]¹⁾ Námskrágerð.
- [j.]¹⁾ Námsgögn.
- [k.]¹⁾ Námsmat.
- [l.]¹⁾ Vinnustaðanámssjóð.
- [m.]¹⁾ Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra.
- [n.]¹⁾ Úrskurðarnefnd vegna kostnaðar við skólagöngu fósturbarna.
- [o.]¹⁾ Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema.
- [p.]¹⁾ Menntamálastofnun.
3. Námsaðstoð, þar á meðal:
- a. Námslán.
- b. Námsstyrki.
- c. Lánasjóð íslenskra námsmanna.
- d. Málskotsnefnd Lánasjóðs íslenskra námsmanna.
- e. Námsstyrkjanefnd.
4. [Vísindamál, þar á meðal:
- a. Rannsóknastarfsemi, einkum á sviði grunnrannsóknna.
- b. Vísindastarfsemi sem eigi ber undir annað ráðuneyti.
- c. Opinberan stuðning við vísindarannsóknir.
- d. Vandaða starfshætti í vísindum.
- e. Nefnd um vandaða starfshætti í vísindum.
- f. Rannsóknarsjóð.
- g. Innviðasjóð.
- h. Samtök um evrópska rannsóknarinnviði.

- i. Umsýslu og undirbúning funda fyrir Vísinda- og tækniráð.
- j. Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum.
- k. Rannsóknamiðstöð Íslands.]¹⁾
5. Safnamál, þar á meðal:
- Bókasöfn, utan bókasafna prestakalla, þ.m.t. Landsbókasafn Íslands.
 - Skjalasöfn, þ.m.t. málefni Þjóðskjalasafns Íslands.
 - Listasöfn, þ.m.t. málefni Listasafns Íslands.
 - Minjasöfn, þ.m.t. Þjóðminjasafn Íslands og Náttúru-minjasafn Íslands.
 - Safnasjóð.
6. Menningarminjar, þar á meðal:
- Varðveislu menningararfs.
 - Skil menningarverðmæta til annarra landa.
 - Verndarsvæði í byggð.
 - Minjastofnun Íslands.
7. Listir og menningu, þar á meðal:
- Bókmenntir.
 - Myndlist.
 - Listskreytingar opinberra bygginga.
 - Sviðslist, [þ.m.t. sviðslistaráð og sviðslistasjóð].¹⁾
 - Tónlist, þ.m.t. málefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og málefni tónlistarsjóðs.
 - Kvikmyndir, þ.m.t. málefni Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og Kvikmyndasafns Íslands.
 - Starfslaun listamanna.
 - Stuðning við listir og kynningu íslenskrar listar innan lands og utan.
 - Miðstöð íslenskra bókmennta og bókmenntasjóð.
 - Stuðning við útgáfu bóka á íslensku.]¹⁾
 - [k.]¹⁾ Listskreytingasjóð.
 - [l.]¹⁾ Þjóðleikhúsið.
 - [m.]¹⁾ Íslenska dansflokkinn.
8. Höfundarétt, þar á meðal:
- Fylgiréttargjald samkvæmt höfundalögum og lögum um verslunarvinnu.
 - [b. Sameiginlega umsýslu höfundarréttar.]¹⁾
 - [c.]¹⁾ Úrskurðarnefnd höfundaréttarmála.
9. Íslensk fræði, þar á meðal:
- Íslenska tungu.
 - Íslenskt táknmál.
 - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
 - Örnefni og bæjanöfn.
 - Örnefnanefnd.
10. Fjölmiðla, þar á meðal:
- Mynd- og hljóðmiðla.
 - Netmiðla.
 - Prentmiðla.
 - Eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum.
 - Ríkisútvarpið.
 - Fjölmiðlanefnd.
11. Ábyrgðarreglur og efnisréttindi á netinu, þ.m.t. höfundarétt.
12. Íþróttamál, þar á meðal:
- Málefni þjóðarleikvanga.
 - Frjáls félagasamtök.
 - Sjóði.
 - Íslenskar getraunir.
 - Launastjórn stórmeistara í skák og málefni Skákskóla Íslands.
 - [f. Samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs.]¹⁾
13. Æskulýðsmál, þar á meðal:
- Æskulýðsráð . . .¹⁾
 - Æskulýðssjóð.
 - Frjáls félagasamtök.
14. Lögvernduð starfsheiti, þar á meðal:
- Starfsréttindi bókasafns- og upplýsingafræðinga.
 - Lögverndun starfsréttinda leik-, grunn- og framhaldsskólakennara.
 - Starfsréttindi náms- og starfsráðgjafa.
 - Viðurkenningu á faglegrri menntun og hæfi.
15. Erlent samstarf á sviði menntunar, menningar og vísinda.
16. Annað, þar á meðal:
- Félagsheimili.
 - Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.
 - Grænlandssjóð.
- ¹⁾ Forsetaúrsk. 155/2019, 7. gr.
- **8. gr. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.**
- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti fer með mál er varða:
- Skipulag, rekstur og starfsmannahald ráðuneytisins.
 - Samgöngur í lofti, á láði og legi, þar á meðal:
 - Flugvelli, vegi, hafnir, vita og sjóvarnir.
 - Skipulag og uppbyggingu samgöngukerfisins.
 - Viðhald og rekstur samgöngukerfisins.
 - Farþegaflutninga, farmflutninga og almenningssamgöngur.
 - Samgönguöryggi.
 - Samgönguvernd.
 - Samgönguáætlun.
 - Rannsókn samgönguslysa, þ.m.t. málefni rannsóknarnefndar samgönguslysa.
 - Samgöngutækjaskrár.
 - Eftirlit með skráningu og búnaði samgöngutækja.
 - Eftirlit með loftferðum og umferð ökutækja og skipa.
 - Leiðsögu-, vöktunar-, upplýsinga- og eftirlitskerfi samgangna.
 - Réttindamál fagaðila í skipum, loftförum og ökutækjum.
 - Köfun.
 - Slysavarnaskóla sjómanna.
 - Lögskráningu sjómanna.
 - Samgöngustofu.
 - Vegagerðina.
 - Fjarskipti, þar á meðal:
 - Fjarskiptanet, þó ekki efni sem sent er á fjarskiptanetum.
 - Fjarskiptaþjónustu, gagnaflutninga og fjarskiptarekstur.
 - Fjarskiptavernd.
 - Öryggi rafrænna samskipta og netöryggi.
- [e. Öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða.]¹⁾
- [f.]¹⁾ Lén og málefni netsins.
- [g.]¹⁾ Eftirlit með fjarskiptum.
- [h.]¹⁾ Fjarskiptasjóð.
- [i.]¹⁾ Póstþjónustu, póstrektur og eftirlit með pósthjónustu.
- [j.]¹⁾ Póst- og fjarskiptastofnun og málefni úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.
4. Sveitarstjórnarmál, þar á meðal:

- a. Stjórnsýslu og verkefni sveitarfélaga.
 - b. Tekjustofna og fjármál sveitarfélaga.
 - c. Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.
 - d. Mörk sveitarfélaga.
 - e. Innheimtustofnun sveitarfélaga.
5. Byggðamál, þar á meðal:
- a. Byggðaáætlun og sóknaráætlanir.
 - b. Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.
 - c. Svæðisbundna flutningsjöfnun.
 - d. Byggðastofnun.
6. [Skráningu einstaklinga, lögheimili og aðsetur, fasteignaskrá og fasteignamat, þar á meðal:]¹⁾
- a. Þjóðskrá Íslands.
 - b. Yfirfasteignamatsefnd.
- ¹⁾ Forsetaúrsk. 155/2019, 8. gr.
- **9. gr. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.**
- Umhverfis- og auðlindaráðuneyti fer með mál er varða:
1. Skipulag, rekstur og starfsmannahald ráðuneytisins.
 2. Náttúruvernd, þar á meðal:
 - a. Líffræðilega fjölbreytni, svo sem verndun vistkerfa, búsvæða, tegunda og erfðæfnis, þ.m.t. í hafi.
 - b. Vernd jarðmyndana.
 - c. Verndarsvæði í hafi til varðveislu náttúruminja eða sérstakra vistkerfa á hafsbotni til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið fer með framkvæmd á.
 - d. Friðlýst svæði, þ.m.t. málefni Þingvallabjörggarðs, Vatnajökulsþjóðgarðs og annarra þjóðgarða.
 - e. Svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlægum vegna náttúru eða landslags, þ.m.t. málefni Náttúruvannastöðvarinnar við Mývatn.
 - f. Sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.
 - g. Úrbætur og uppbyggingu á aðstöðu til móttöku ferðamanna í þjóðgörðum og friðlýstum svæðum.
 - h. Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.
 3. [Skógrækt og landgræðsla, þar á meðal:
 - a. Gróður- og jarðvegsvernd, þ.m.t. meðferð elds og varnir gegn gróðureldum.
 - b. Skóga og skógrækt.
 - c. Endurheimt vistkerfa, þ.m.t. votlendis.
 - d. Landgræðsluna.
 - e. Skógræktina.]¹⁾
 4. Eftirlit með timbri og timburvöru.
 5. Rannsóknir og skráningu upplýsinga um náttúru landsins, hafsins og hafsbotsins, þar á meðal:
 - a. Umhverfisrannsóknir og umhverfisvöktun.
 - b. Rannsóknir á jarðrænum auðlindum á landi og á hafsbotni öðrum en olíu og ráðgjöf um nýtingu þeirra.
 - c. Íslenskar orkurannsóknir.
 6. Söfnun upplýsinga um umhverfis- og auðlindamál og sjálfbærni á norðurslóðum, þ.m.t. málefni Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.
 7. Stjórn vatnamála og ráðgjöf um nýtingu vatns.
 8. Mengunarvarnir, þar á meðal:
 - a. Hljóðvist.
 - b. Mengun hafs og stranda, vatns og jarðvegs.
 - c. Meðhöndlun úrgangs og úrvinnslugjald, þ.m.t. málefni Úrvinnslusjóðs.
 - d. Fráveitur.
 - e. Loftgæði.
 9. Umhverfisábyrgð.
 10. Loftslagsvernd, þar á meðal:
 - a. Losun gróðurhúsalofttegunda.
 - b. Viðskipti með losunarheimildir.
 - c. Skráningarkerfi gróðurhúsalofttegunda og losunarheimilda. [d. Loftslagsmál.]¹⁾
 11. Hollustuhætti.
 12. Efni og efnavörur.
 13. Skipulagsmál, þar á meðal:
 - a. Landsskipulagsstefnu.
 - b. Skipulag haf- og strandsvæða.
 - c. Skipulagsstofnun.
 14. Sjálfbæra þróun, þar á meðal:
 - a. Stefnumörkun um sjálfbæra þróun og ráðgjöf um nýtingu auðlinda.
 - b. Viðmið um sjálfbæra nýtingu auðlinda.
 15. Mat á umhverfisáhrifum áætlana og framkvæmda.
 16. Upplýsingarétt um umhverfismál.
 17. Landupplýsingar og grunnkortagerð, þ.m.t. málefni Landmælinga Íslands.
 18. Veður og náttúruvá, þar á meðal:
 - a. Veðurþjónusta.
 - b. Vöktun á náttúruvá.
 - c. Varnir gegn ofanflóðum.
 - d. Rannsóknir og vöktun á vatnafari landsins.
 - e. Rannsókn á orsökum ofanflóðs og afleiðingum þess ef manntjón hlýst af.
 - f. Veðurstofu Íslands.
 19. Veidistjórnun og alþjóðaverslun með villt dýr og plöntur, þar á meðal:
 - a. Stjórnun veiða villtra fugla og villtra spendýra, annarra en sjávarspendýra.
 - b. Vernd og friðun villtra dýra og villtra fugla.
 - c. Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu.
 20. Erfðabreyttar lífverur.
 21. Framkvæmd alþjóðasamninga um umhverfismál.
 22. Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.
 23. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.
 24. Umhverfisstofnun.
 25. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.
- ¹⁾ Forsetaúrsk. 155/2019, 9. gr.
- **10. gr. Utanríkisráðuneyti.**
- Utanríkisráðuneyti fer með mál er varða:
1. Skipulag, rekstur og starfsmannahald ráðuneytisins.
 2. Utanríkismál, þar á meðal:
 - a. Skipti forseta Íslands og annarra þjóðhöfðingja.
 - b. Sendiráð, fastanefndir og ræðisskrifstofur Íslands erlendis.
 - c. Sendiráð og ræðisskrifstofur erlendra ríkja á Íslandi.
 - d. Skipti við erlend ríki, þ.m.t. norræna samvinnu.
 - e. Réttindi Íslendinga og íslenska hagsmuni erlendis.
 - f. Samninga við önnur ríki og gerð þeirra og framkvæmd tiltekinna samninga, sbr. meðal annars lög nr. 90/1994, 57/2000, 93/2008 og 58/2010.
 - g. Aðild Íslands að alþjóðlegum samtökum, stofnunum, ráðstefnum og fundum er varða opinbera hagsmuni og eigi ber undir annað ráðuneyti samkvæmt ákvæðum þessa úrskurðar eða eðli máls. Friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana.

h. Diplómatísk vegabréf, þjónustuvegabréf og áritun vegabréfa.

i. Kynningu Íslands og íslenskra efna með öðrum þjóðum nema slík mál séu lögð til annars ráðuneytis.

j. Íslandsstofu, sjálfseignarstofnun.

k. Varnarmál, aðild að Atlantshafsbandalaginu (NATO), varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna, samskipti og samstarf við erlend ríki, hermálafirvöld og alþjóðastofnanir á sviði öryggis- og varnarmála, varnarsvæði, öryggissvæðið á Keflavíkflugvelli og önnur öryggissvæði, þ.m.t. skipulags- og mannvirkjamál, rekstur mannvirkja og eigna Atlantshafsbandalagsins á Íslandi, þ.m.t. íslenska ratsjár- og loftvarna-kerfið (IADS).

l. Útflutningsverslun.

m. Undirbúning og framkvæmd viðskiptasamninga.

n. Skipti Íslands við alþjóðleg viðskiptasamtök.

o. Vörusýningar erlendis.

p. Þróunarsamvinnu, friðargæslu og neyðarhjálp.

q. Hafréttarmál.

r. Flutning hergagna og annars varnings með loftförum skv. 1. og 5. mgr. 78. gr. laga um loftferðir.

[s. Framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, þ.m.t. frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna.]¹⁾

¹⁾ Forsetaúrsk. 155/2019, 10. gr.

■ **11. gr. Ágreiningur.**

□ Málefni sem eigi er getið í 1.–10. gr. skulu lögð til ráðuneytis þar sem þau eðli sínu samkvæmt eiga heima.

□ Nú leikur vafi á um, eða ágreiningur rís um, hvaða ráðuneyti skuli með mál fara og sker forsætisráðherra þá úr.

■ **12. gr. Gildistaka.**

□ Forsetaúrskurður þessi, sem á sér stoð í 15. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 4. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, öðlast gildi 1. janúar 2019. . . .